

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 296/2014****2015/EES/71/43****frá 12. desember 2014****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 733/2014 frá 24. júní 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32cb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 0733**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 733/2014 frá 24. júní 2014 (Stjtið. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 10).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 733/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.